

anaksárið koma lög þessi þó ekki til framkvæmda fyrr en við upphaf fyrsta reikningsárs sem hefst eftir 1. janúar 1995.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

AUGLÝSING

**um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Á 19. kafla: Vöruliður 1902 orðist svo:

	A	E
.....		
1902		
Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravióli, kannellóni; couscous, einnig unnið:		
– Ósoðin pasta, ekki fyllt eða unnin á annan hátt:		
1902.1100 -- Með eggjainnihaldi		0
1902.1900 -- Annað		0
– Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:		
--- Með fiski, krabbadýrum, lindýrum og öðrum sjávar- eða vatnahryggleysingjum:		
1902.2011 ---- Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd		0
1902.2019 ---- Annars		0
--- Með pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því:		
1902.2021 ---- Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því		0
1902.2022 ---- Sem inniheldur 3%, til og með 20%, miðað við þyngd af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því		0
1902.2029 ---- Annars		0
--- Fyllt með osti:		
1902.2031 ---- Sem inniheldur meira en 3% miðað við þyngd....		0

	A	E
1902.2039 --- Annars	0	
-- Fyllt með kjöti og osti:		
1902.2041 ---- Sem inniheldur samanlagt 3%, til og með 20%, af kjöti og osti	0	
1902.2049 ---- Sem inniheldur samanlagt minna en 3% af kjöti og osti	0	
1902.2050 -- Annars.....	0	
-- Önnur pasta:		
-- Með fiski, krabbdýrum, lindýrum og öðrum sjávar- eða vatnahryggleysingjum:		
1902.3011 ---- Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd	0	
1902.3019 ---- Annars	0	
-- Með pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því:		
1902.3021 ---- Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd	0	
1902.3022 ---- Sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	0	
1902.3029 ---- Annars	0	
-- Með osti:		
1902.3031 ---- Sem að magni til er meira en 3%, miðað við þyngd	0	
1902.3039 ---- Annars	0	
-- Með kjöti og osti:		
1902.3041 ---- Sem að magni er samanlagt 3%, til og með 20% miðað við þyngd	0	
1902.3049 ---- Sem að magni er samanlagt minna en 3%, miðað við þyngd	0	
1902.3050 -- Annars.....	0	
-- Couscous:		
-- Með fiski, krabbdýrum, lindýrum og öðrum sjávar- eða vatnahryggleysingjum:		
1902.4011 ---- Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd	0	
1902.4019 ---- Annars	0	
-- Með pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því:		
1902.4021 ---- Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd	0	
1902.4022 ---- Sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	0	
1902.4029 ---- Annars	0	

Á 85. kafla:

Undirliður nr. 8544.2000 skiptist í tvö tollskrárnúmer, þannig:

– Samása kaplar og aðrir samása rafleiðarar:	
8544.2001 -- Höfuðlínukaplar með slitþoli, sem er að lágmarki 60 kN, enda séu þeir styrktir og varðir með þéttum lögum úr stálvírum	0
8544.2009 -- Annað.....	0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tl. 6. gr. og 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1994.

F. h. r.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

Áslaug Guðjónsdóttir.

30. desember 1994

Nr. 147

LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „slíkar gjafir“ í lok 3. málsli. 4. tölul. A-liðar 7. gr. laganna kemur: svo og verðlitrir vinningar í almennum happdrættum og keppnum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

- Við A-lið 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Frá tekjum manna sem eru 70 ára eða eldri má draga 15% af greiddum lífeyri úr lífeyrissjóðum skv. 2. gr. laga nr. 55/1980.
- Við B-lið 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Fé það sem varið er til aukningar á fjárfestingu á árinu í innlendum atvinnurekstri samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en sem nemur 80% fjárhæðarinnar, þó að hámarki 100.000 kr. hjá einstaklingi og 200.000 kr. hjá hjónum.